

Framkvæmd

Niðurstöður sníkjudýraskimunar sem sendar eru til MAST frá Keldum skulu vistaðar á One í safnmáli fyrir viðeigandi einangrunarhóp.

Greinist landlæg sníkjudýr í einangrun hafa dýralæknar einangrunarstöðva umsjón með að viðkomandi dýr hljóti viðeigandi meðhöndlun.

Ef sníkjudýr sem ekki eru landlæg á Íslandi greinast í dýri í einangrun sem krefjast sérstakrar meðferðar og viðbótarskilyrða skal grípa til viðeigandi ráðstafana.

Skrá skal niðurstöðu í yfirlitsskjal á teams: [PARASITE CONTROL FOLLOW UP POST QUARENTINE.xlsx](#)
Keldur upplýsa einangrunarstöð sérstaklega um jákvæðar niðurstöður símleiðis.

Ef um er að ræða áður ógreint sníkjudýr skal taka sameiginlega ákvörðun um viðbrögð. Samráð: I&Ú, héraðsdýralæknir SA, sérgreinadýralæknir gæludýra, sóttvarnadýralæknir og eftir atvikum yfirdýralæknir. Eftirfarandi gögn skulu útbúin fyrir hvert tilfelli

- Viðbótarskilyrði (samantekt um viðbrögð og viðbótarskilyrði vegna greiningar)
- Yfirlýsing innflytjanda (eigandi undirgengst skilyrðin vegna sýnatöku og meðhöndlunar)
- Beiðni fyrir Keldur (forútfyllt af MAST: uppl um eiganda, örmerki og málsnúmer í One)
- Upplýsingablað (?)

Staðlað bréf og beiðni vistuð á S drifi:

S:\! Inn- og útflutningsdeild\00 Gæludýr\01 INNFLUTNINGUR\Hundar og kettir\Sníkjudýr – Parasites\Treatment plans
Útfyllt skjöl og öll samskipti skulu vistuð í One í máli innflytjanda.

Tölvupóstur skal sendur til innflytjanda með viðbótarskilyrðum, yfirlýsingu innflytjanda, beiðni og upplýsingablaði. Afrit skal sent til viðkomandi einangrunarstöðvar, Keldna og dýralæknis innflytjanda.

Kalla skal eftir undirritaðri yfirlýsingu, t.d. gæti sú undirritun farið fram við útskrift dýrs úr einangrunarstöð.

Tryggja skal eins og kostur er að eigandi/innflytjandi dýrs skilji mikilvægi þess að hlíta skilyrðunum.

Skrá niðurstöður eftirfylgnisýna í yfirlit.

Neikvæðar niðurstöður: upplýsa innflytjanda um að skilyrði séu uppfyllt

Jákvæðar niðurstöður: hafa samband við innflytjanda og tryggja að meðhöndlun verði endurtekin og þá hvenær. Skrá í excel.

Verkaskipting

Dýralæknar einangrunarstöðva hefja meðhöndlun í einangrun sbr. verklagsreglur dýralæknis einangrunarstöðvar.

Inn- og útflutningsdeild hefur umsjón með málum vegna dýra sem dvelja í Einangrunarstöðinni Reykjanesbæ. Suðausturumdæmi hefur umsjón með málum vegna dýra sem dvelja í Móseli.